



Viðhorf brautskráðra
leik- og grunnskólakennara
2014 – 2016
til námsins og starfsins



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Skýrslugerð:

Anna Kristín Sigurðardóttir

Ingibjörg Kjartansdóttir

Menntavísindastofnun Háskóla Íslands

September, 2018

Könnunin var unnin fyrir Önnu Kristínu Sigurðardóttur í samstarfi við Menntavísindastofnun, Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

© Anna Kristín Sigurðardóttir og Ingibjörg Kjartansdóttir

2018

Viðhorf brautskráðra leik- og grunnskólakennara 2014 – 2016 til námsins og starfsins
Menntavísindastofnun, Menntavísindasvið, Háskóli Íslands

ISBN: 978-9935-468-14-7

EFNISYFIRLIT

SAMANTEKT	3
INNGANGUR	4
BAKGRUNNUR	5
SKIPULAG Námsins.....	5
Námsleiðir Brautskráðra Kennara 2014 - 2016	6
Kjörsvið og Námsvið Grunnskólakennara	7
Námsvið í Leikskólakennaranámi	8
Kennslufræði Grunnskóla og Menntunarfræði Leikskóla	8
AÐFERÐIR	10
Þátttakendur.....	10
Mælitæki	10
Framkvæmd	11
NIÐURSTÖÐUR	12
Námsbraut og Kjörsvið	12
Starf eftir Brautskráningu.....	14
Stuðningur í starfi.....	18
Mat á náminu sem undirbúningur fyrir starfið	19
Tengsl námsleiða við kennslustörf í grunnskóla	21
Mat á nokkrum þáttum í náminu	23
Mat á námskeiðinu „Nám og Kennsla: Fagmennska í skólastarfi“	24
Heildarmat á náminu við Menntavísindasvið	27
LOKAORÐ	28
HEIMILDASKRÁ	30
VIÐAUKI A – SPURNINGALISTI (2016)	31

SAMANTEKT

Hér verða birtar helstu niðurstöður úr símakönnun meðal kennara sem brautskráðust með meistaragráðu samkvæmt nýju skipulagi frá Menntavísindasviði árin 2014, 2015 og 2016. Alls tóku 127 af 172 útskrifuðum kennurum þátt og var svarhlutfall 74%. Helstu niðurstöður könnunarinnar voru:

- Langflestir þátttakenda (91%) hófu kennslu strax að lokinni brautskráningu, allir brautskráðir leikskólakennarar en 88% grunnskólakennara og 93% íþróttakennara. Af þeim sem svöruðu voru 96% í kennslu á öðru ári eftir útskrift.
- Ríflega 70% töldu námið hafa verið góðan undirbúning fyrir starfið. Þeir sem brautskráðust 2015 og 2016 voru mun jákvæðari heldur en þeir sem brautskráðust 2014. Leikskólakennarar voru jákvæðari heldur en grunnskólakennarar.
- Flestir kennarar töldu að auka mætti vægi vettvangsnáms og nokkrir leikskólakennarar óskuðu eftir meiri möguleika á sérhæfingu í náminu. Þónokkrir sem brautskráðust 2014 nefndu að skipulagsleysi hefði einkennt námið á þessum fyrstu árum eftir breytingu.
- Mikill meirihluti kennara (93%) sögðu starfið hafa gengið vel.
- Kennarar sem sérhæfa sig í kennslu yngri barna fara flestir (84%) að kenna á yngsta stigi grunnskóla. Um 37% þeirra sem sérhæfa sig í einni faggrein fara að kenna þá grein að loknu námi.
- Rúmlega 88% svarenda hafa hug á að gera kennarastarfið að framtíðarstarfi.

INNGANGUR

Í þessari skýrslu eru teknar saman niðurstöður könnunar um mat brautskráðra kennara í leik- og grunnskólakennarafræðum árin 2014, 2015 og 2016 á gæðum námsins. Ákveðið var að framkvæma þessa könnun vegna nýrra laga nr.87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Þar er gert ráð fyrir meistaragráðu sem skilyrði fyrir leyfisbréfi sem kennari á öllum skólastigum. Í kjölfarið var skipulagi kennaranámsins breytt verulega (Anna Kristín Sigurðardóttir, 2014). Vorið 2014 brautskráðist fyrsti árgangurinn með meistaragráðu samkvæmt nýju skipulagi. Það þótti því mikilvægt að fá upplýsingar um viðhorf þessara kennara til námsins og hvernig þeir töldu það hafa nýst sér í starfi. Ekki síður þótti mikilvægt að fá upplýsingar um hvernig þessi hópur skilaði sér til starfa í skólunum, en vísbendingar eru um að margir kennarar, brautskráðir á síðustu áratugum, færu til annarra starfa en kennslu að loknu námi (Helgi Eiríkur Eyjólfsson, 2017; Ragnar Ólafsson, 2014). Við því var búist að kennarar sem lykju meistaragráðu í kennslufræðum samkvæmt nýju skipulagi myndu skila sér betur til starfa við kennslu heldur en þeir sem einungis luku bakkalárgráðu.

Í kjölfar þessara breytinga, og reyndar árin á undan, varð mikil fækkun meðal kennaranema í námi við Menntavísindasvið (Anna Kristín Sigurðardóttir, 2014). Umsóknum fækkaði verulega og þar af leiðandi þeim sem hófu námið. Enn heldust svo nokkrir úr lestinni á leiðinni og því er fjöldi brautskráðra þessi fyrstu ár lítill. Áfangaskýrsla var birt árið 2017 með bráðabirgðaniðurstöður eftir að hringt hafði verið í þá sem brautskráðust 2014 og 2015. Í þessari skýrslu hefur verið bætt við niðurstöðum um brautskráða 201, ítarlegri úrvinnslu og gerðar nokkrar nauðsynlegar lagfæringar.

Könnunin var símakönnun og framkvæmd um einu og hálfu ári eftir brautskráningu þátttakenda fyrir hvert ár í samstarfi Menntavísindastofnunar og Önnu Kristínar Sigurðardóttur prófessors við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sigrún Sif Jóelsdóttir og Sigríður Sigurjónsdóttir verkefnisstjórar á Menntavísindastofnun sáu að mestu um að hringja í þátttakendur og Ingibjörg Kjartansdóttir verkefnisstjóri hjá Menntavísindastofnun annaðist úrvinnslu á gögnum og skýrslugerð.

BAKGRUNNUR

Skipulag námsins

Gera má ráð fyrir að sá hópur sem brautskráðist á þeim árum sem hér eru til umfjöllunar hafi byrjað námið á árunum 2008 – 2011. Námið á Menntavísindasviði breyttist nokkuð á þessum tíma en hér er skipulagi lýst í grófum dráttum til að lesendur geti betur áttað sig á þeim leiðum sem voru í boði á Menntavísindasviði til að mennta sig sem leik- eða grunnskólakennarar.


Á þessu tímabili voru þrjár fimm ára námsleiðir í boði í Kennaradeild til að verða grunnskólakennarar. Þær voru mótaðar á grundvelli reglugerðar um inntak kennaramenntunar (nr. 872/2009) þar sem kveðið var á um að faggreinahluti námsins skyldi að vera að lágmarki 120 einingar og kennslufræði annað eins. Í fyrsta lagi áttu nemendur þess kost að sérhæfa sig í einni faggrein til 120 eininga á leiðinni *Faggreinakennsla í grunnskóla*. Í öðru lagi var námsleiðin *Grunnskólakennsla*, ætluð þeim sem kusu að sérhæfa sig í tveimur kennslugreinum grunnskóla eða kennslugrein og námssviði (80 + 40 einingar). Þessi leið var skipulögð með þarfir miðstigs grunnskóla í huga. Í þriðja lagi var sérhæfing í *Kennslu ungra barna í grunnskóla*, sem skilgreint var sem faggreinahluti námsins (120 einingar). Þá er ótalin leið á meistarastigi og nefndist *Kennslufræði grunnskóla* og var ætluð þeim sem lokið höfðu bakkalárprófi í einhverri af kennslugreinum grunnskóla eins og þær eru skilgreindar í Aðalnámskrá grunnskóla (2011). Fyrri námið var talið jafngilda faggreinahluta námsins og 120 einingarnar í meistaranáminu sneri fyrst og fremst að kennslufræði.

Í grófum dráttum má segja að tvær leiðir hafi verið í boði við Kennaradeild Menntavísindasviðs til að verða leikskólakennari. Annars vegar var hefðbundið fimm ára nám í leikskólakennarafræðum, fyrst á bakkalárstigi og síðan á meistarastigi, samtals 300 einingar. Nemendum á þessari leið gafst kostur á sérhæfa sig og velja á milli sex námssviða til 40 eininga á meistarastigi. Hins vegar var námsleið á meistarastigi til 120 eininga, *Menntunarfræði leikskóla*, í boði fyrir þá sem höfðu lokið bakkalárprófi í grein sem tengdist einhverju af námssviðum leikskóla eins og þær eru skilgreindar í Aðalnámskrá leikskóla (2011). Námið beindist fyrst og fremst að námi og kennslu í leikskóla með tilheyrandi vettvangsnámi.

Verðandi íþróttakennarar stunduðu námið, bæði á bakkalár- og meistarastigi við Íþróttá-, tómstunda- og þroskajálfadeild á námsbrautinni *Íþróttá- og heilsufræði*. Á þeirri leið völdu nemendur á milli tveggja kjörsviða til 40 eininga, annars vegar fyrir verðandi íþróttakennara og hins vegar þjálfara. Annar hluti námsins var sameiginlegur. Meirihluti þeirra sem brautskráðust af námsbrautinni í íþróttá- og heilsufræði voru af kjörsviði íþróttakennara, árið 2015 voru þeir 4/6 (67%) og 2016 10/13 (77%). Brautskráðir íþróttakennarar höfðu rétt á að sækja um leyfisbréf til kennslu í grunn- og framhaldsskólum.

Námsleiðir brautskráðra kennara 2014 - 2016

Samtals brautskráðust 184 kennarar frá Menntavísindasviði á árunum 2014 – 2016, um 89% konur og 11% karlar. Kynjaskipting er þó nokkuð ólík eftir námsleiðum, um 92% grunnskólakennara voru konur, allir brautskráðir leikskólakennarar og 53% íþróttakennara. Upplýsingar hér að neðan eru unnar úr tölum fengum úr nemendaskrá Háskóla Íslands og er ætlað að draga upp mynd af námsleiðum og sérhæfingu sem þeir völdu sem brautskráðust á árunum 2014-2016. Þessar upplýsingar ná því til alls hópsins (184) en ekki eingöngu þeirra sem svöruðu könnunni.




Mynd 1. Fjöldi brautskráðra kennara eftir námsleiðum.

Eins og lesa má af mynd 1 brautskráðust flestir af námsleiðinni *Faggreinkennsla í grunnskóla*, eða samtals 62. Þeim sem brautskrást að leiðunum *Kennslufræði grunnskóla* og *Menntunarfræði leikskóla* fjölgar með árunum, en þetta eru námsleiðir á meistarastigi sem eru ætlaðar þeim sem hafa lokið bakkalárgráðu á öðru sviði en kennslufræði leik- eða grunnskóla.

Kjörsvið og námssvið grunnskólakennara

Samtals brautskráðust 105 grunnskólakennarar af námsleiðunum *Grunnskólakennsla*, *Faggreinakennsla í grunnskóla* og *Kennsla ungra barna í grunnskóla*, á árunum 2014 – 2016. Mynd 2 sýnir hvernig val á faggreinum (40 einingar) og námssviðum í meistaránáminu var hjá nemendum í *Grunnskólakennslu*, *Faggreinakennslu í grunnskóla*. Rétt er að undirstrika að þeir nemendur sem voru á námsleiðinni *Grunnskólakennsla* hafa annað kjörsvið í grunnnáminu (80 einingar). Aðrir hafa væntanlega tekið sama kjörsviðið til 120 eininga bæði í grunn- og framhaldsnámi.



Mynd 2. Fjöldi brautskráðra grunnskólakennara eftir námsleiðum, námssviðum og kjörsviðum á meistarastigi

Langflestir sérhæfðu sig í *Kennslu yngri barna í grunnskóla* eða 30 nemendur (sjá mynd 2). Af þeim sem völdu faggrein sérhæfðu sig flestir í samfélagsgreinum, eða samtals tólf nemendur. Sérstaka athygli vekur að einungis tveir nemendur brautskráðust með íslensku sem kjörsvið en íslenska er stór námsgrein í grunnskólum og þörf fyrir marga kennara. Heldur betri staða er í stærðfræði sem sex nemendur sérhæfðu sig í. Einungis einn nemandi brautskráðist með kjörsviðið *Matur, menning, heilsa* á þessu þriggja ára tímabili.

Á því tímabili sem hér er til umfjöllunar gafst nemendum kostur á að taka svokölluð námssvið til 40 eininga á meistarastigi í stað þess að velja faggrein (sjá mynd 2) sem samtals 15 nemendur nýttu sér. Þeir höfðu tekið einhverja af hefðbundnu kennslugreinunum grunnskóla á grunnstigi til 80 eininga. Flestir völdu að sérhæfa sig í *Mál og læsi*, eða samtals sjö nemendur og aðrir fjórir í *Skólaþróun og mati á skólastarfi*. Þessi valkostur er ekki lengur í boði fyrir verðandi grunnskólakennara.

Námssvið í leikskólakennaranámi

Af þeim átján nemendum í leikskólakennarafræðum sem brautskráðust á tímabilinu, völdu þrettán sér námssvið í meistaranámi til 40 eininga. Tólf (67%) þeirra völdu námssviðið *Nám og kennsla í skóla án aðgreiningar í fjölmenningsamfélagi*. Námssviðið *Nám, listir og sköpun* valdi einn nemandi, fimm nemendur tóku ekki námssvið.

Kennslufræði grunnskóla og Menntunarfræði leikskóla

Kennslufræði grunnskóla og *Menntunarfræði leikskóla* eru námsleiðir á meistarastigi fyrir þá sem hafa lokið bakkalárgráðu í einni af kennslugreinum grunnskóla eða í grein sem tengd er námssviðum leikskóla. Á þessari leið bæta nemendur við sig 120 einingum í kennslufræði viðkomandi skólastigs í samræmi við ákvæði reglugerðar um inntak kennaramenntunar (nr. 872/2009) og fá þar með fullgild kennsluréttindi í grunnskóla eða í leikskóla.

Það er ekki einfalt að ákveða hvað telst vera kennslugrein í grunnskóla og hvað ekki þar sem skilgreindar námsgreinar eða greinasvið í Aðalnámskrá grunnskóla (2011) eru ekki þau sömu og fræðigreinar í háskólum. Dæmi um þetta eru samfélagsgreinar

og náttúruvísindi sem eru samþættar námsgreinar. Því er þetta oft og tíðum matsatriði þeirra sem ákvarða um inntöku hverju sinni. Enda má sjá á töflu 1 að bakgrunnur þeirra 20 grunnskólakennara sem hafa brautskrást af námsleiðinni *Kennslufræði grunnskóla*, er fjölbreyttur og ekki alltaf augljóst hvernig hann nýtist sem kennslugrein í grunnskóla. Stærsti hópurinn, eða átta kennarar, hafur lokið bakkalárgráðu sem tilheyrir grein sem flokka má sem samfélagsfræði og þrír greinum sem falla undir náttúruvísindi. Tveir leikskólakennarar bættu þessari leið við sig til að öðlast réttindi sem grunnskólakennarar. Þrír af þessum 20 kennurum höfðu þegar lokið annarri meistaraþráðu áður en þeir hófu nám á námsleiðinni.

Tafla 1. Bakgrunnur (bakkalárgráða) brautskráðra nemenda úr Kennslufræði grunnskóla 2014 – 2016. Upplýsingar úr nemendaskrá.

Kennslugrein	Fjöldi
Samfélagsgreinar (heimspeki, fornleifafræði MA, sálfræði, félagsfræði, sagnfræði)	8
Náttúruvísindi (líffræði, landafræði, jarðfræði)	3
Tungumál (enska, íslenska)	2
Leikskólakennarafræði	2
Listnám (listfræði MA)	2
Íþrótt- og heilsufræði	1
Annað (alþjóðlegt nám, tómstunda- og félagsmálafræði MA)	2
Samtals	20

Af námsleiðinni *Menntunarfræði leikskóla* brautskráðust með meistaraþráðu samtals níu nemendur (tafla 2) á árunum 2014 til 2016 og er bakgrunnur þeirra í grunnnámi fjölbreyttur. Tveir grunnskólakennarar hafa náð sér í réttindi til kennslu í leikskóla með því að fara þessa leið og aðrir tveir eftir nám í uppeldis- og menntunarfræði. Hinir fimm hafa lokið námi á ólíkum sviðum. Námssvið leikskóla eru skilgreind í Aðalnámskrá leikskóla (2011) og eru fjögur: læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, og sköpun og menning. Kveðið er á um að námssviðin skulu fléttast inn í daglegt starf leikskólans. Ljóst er að bakgrunnur leikskólakennara sem brautskráðust af þessari námsleið tengist mismikið þessum námssviðum.

Tafla 2. Bakgrunnur (bakkalárgráða) brautskráðra nemenda úr Menntunarfræði leikskóla 2014 – 2016.

Námsvið leikskóla	Fjöldi
Grunnskólakennarafræði	2
Uppeldis- og menntunarfræði	2
Stjórn málafræði	1
Þjóðfræði + kennsluréttindi	1
Iðjuþjálfun	1
Umhverfisskipulag	1
Tölfræði og hagmælingar	1
Samtals	9

AÐFERÐ

Þátttakendur

Þátttakendur voru alls 127 kennarar sem brautskráðst höfðu frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands á árunum 2014, 2015 og 2016. Svarhlutfall var 74% en sjá má hlutfallið greint eftir skólastigi og ári brautskráningar í töflu 3. Frjáls þátttaka var í könnuninni og engin umbun veitt fyrir þátttöku.

Tafla 3. Fjöldi brautskráðra kennara og svarhlutfall 2014 – 2016, skipt eftir skólastigi og ári brautskráningar.

	2014			2015			2016			Allir		
	Braut-skráðir	Svör	Svar-hlutfall	Braut-skráðir	Svör	Svar-hlutfall	Braut-skráðir	Svör	Svar-hlutfall	Braut-skráðir	Svör	Svar-hlutfall
Grunnskólakennarar	27	23	85%	44	36	82%	54	34	63%	125	93	74%
Leikskólakennarar	8	6	75%	8	7	78%	11	7	64%	27	27	74%
Íþróttakennarar	0	0	0%	6	6	0%	13	8	62%	19	14	74%
Alls	35	29	83%	58	49	73%	78	49	63%	171	127	74%

Mælitæki

Spurningalisti í formi símakönnunar var lagður fyrir kennara rúmu ári eftir brautskráningu. Undanskildir eru þeir sex íþróttakennarar sem brautskráðir voru 2015, sem svöruðu rúnum tveimur árum eftir brautskráningu. Spurningarnar voru samdar af Önnu Kristínu í samráði við deildarforseta Kennaradeildar og lesnar yfir af fleiri kennurum (Viðauki A). Spurningalistinn samanstóð af bakgrunnsspurningum, spurningum um kennarastarfið eftir útskrift, spurningum um mat þátttakanda á

náminu og starfinu auk núverandi stöðu þeirra. Spurningum um stuðning í starfi var bætt við fyrir þá sem brautskráðust 2016.

Bakgrunnsspurningarnar voru tengdar útskriftarmánuði, námsleið og kjörsviði (grunnskólakennarar). Þátttakendur voru spurðir hvort þeir hefðu starfað við kennslu veturinn eftir brautskráningu eða á þeim tíma sem könnunin var lögð fyrir. Ef þeir svöruðu játandi komu nokkrar spurningar tengdar kennarastarfinu. Þessar spurningar fólu í sér á hvaða skólastigi þeir kenndu, hvert var aldurstig nemenda þeirra og hvaða námsgrein þeir kenndu ef kennslan var á grunnskólastigi. Einnig var spurt um hvernig þeir höfðu fengið starfið og hvernig þeim fannst starfið hafa gengið.

Þátttakendur voru beðnir um að meta hvort þeir teldu námið við Menntavísindasvið vera góðan eða slæman undirbúning fyrir kennarastarfið. Þeir voru einnig beðnir um að nefna eitthvað úr náminu sem þeir töldu að hefði gagnast þeim vel og hvort eitthvað hefði vantað upp á. Þá voru grunnskólakennarar spurðir sérstaklega um hvernig stóra námskeiðið á 9. misseri, *Nám og kennsla: Fagmennska í starfi*, hefði nýst þeim í starfi. Hér eru um að ræða ákveðna nýjung í skipulagi námsins, en námskeiðið nær yfir nánast allt misserið, þ.e. 25 af 30 einingum, og er stór hluti af því vettvangsnám. Að lokum voru þátttakendur spurðir út í núverandi stöðu, hvort þeir væru að starfa við kennslu í dag, eða hefðu áhuga á að starfa við kennslu í framtíðinni og hvort þeir hefðu ábendingar um hvernig mætti gera námið betra.

Framkvæmd

Könnunin var lögð fyrir brautskráða kennara í kringum árslok rúmu einu ári eftir brautskráningu. Hringt var í alla sem brautskráðust með meistaragráðu úr leik- eða grunnskólakennarafræðum og íþróttافرæðum við Menntavísindasvið. Þeir þátttakendur sem höfðu farið beint að starfa við kennslu eftir brautskráningu voru því að hefja sitt annað skólaár í starfinu. En þeir sem höfðu tekið hlé af einhverjum ástæðum voru að hefja sitt fyrsta skólaár. Undantekning var þátttaka íþróttakennara brautskráðra 2015 sem var rúmum þremur árum eftir brautskráningu.

Starfsmenn á vegum Menntavísindastofnunar hringdu eftir lista frá nemendaskrá Háskóla Íslands yfir brautskráða nemendur. Þátttakendur fengu þær upplýsingar að könnunin væri til að meta fimm ára kennaranám og markmiðið væri að

skoða viðhorf útskriftarárganga til kennaranámsins og starfsins. Þeir voru enn fremur upplýstir um að fyllsta trúnaði væri heitið og birtar upplýsingar yrðu ekki rekjanlegar til einstakra þátttakenda. Svör voru skráð jafnóðum í spurningaforritið Qualtrics. Úrvinnsla gagna fór fram á Menntavísindastofnun með SPSS og Excel.


NÍÐURSTÖÐUR

Námsbraut og kjörsvið

Nemendur geta brautskráðst úr kennarafræðum þrisvar sinnum á ári; í febrúar, júní og október. Í töflu 4 sést fjöldi brautskráðra kennara frá 2014 til 2016, skipt eftir mánuðum. Mikill meirihluti þátttakenda brautskráðust í júní (71%), sjá töflu 4.

Tafla 4. Fjöldi þátttakenda skipt eftir útskriftarmánuðum og ári.


	2014		2015		2016		Allir	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Febrúar	0	0%	5	10%	3	6%	8	7%
Júní	21	72%	35	71%	34	69%	90	71%
Október	8	28%	9	18%	12	24%	29	23%
Alls	29	100%	49	100%	49	100%	127	100%



Mynd 3. Aldursdreifing eftir námsleiðum.

Á mynd 3 má sjá aldursdreifingu þátttakenda eftir námsleiðum. Myndin sýnir miðgildi aldurs, sem var meðal grunnskólakennara 30 ár (bil fjórðungsmarka 27-36), leikskólakennara 34 ár (bil fjórðungsmarka 29-39) og íþróttakennara 27 ár (bil fjórðungsmarka 26-28). Ekki var merkjanlegur munur á meðalaldri grunnskóla- (32 ár) og leikskólakennara (34 ár) við brautskráningu, en meðalaldur íþróttakennara var heldur lægri eða 27 ár.

Fjöldi þátttakenda skipt eftir útskriftarárum og námsleiðum má sjá á mynd 4. Flestir útskrifuðust af námsleiðinni *Faggreinakennsla í grunnskóla*; 49 (39%) og þar eru þeir sem sérhæfðu sig í einni faggrein. Þeir 10 (8%) sem brautskráðust af námsbrautinni *Grunnskólakennsla*, höfðu tekið 2-3 faggreinar sem hluta af námi. Hlutfall grunnskólakennara af heildarfjölda þátttakenda var 73%, leikskólakennara 16% og íþróttakennara 11%. Svarhlutfall þessara þriggja hópa var það sama; 74%.



Mynd 4. Fjöldi þátttakenda skipt eftir útskriftarárum og námsleiðum.

Starf eftir brautskráningu

Í töflu 5 má sjá hlutfall þeirra kennara sem fóru að kenna fyrsta árið eftir brautskráningu. Samanlagt hófu 91% kennara sem tóku þátt í könnuninni að starfa við kennslu fyrsta árið eftir útskrift, þar á meðal allir leikskólakennarar. Athygli vekur að allir leikskólakennarar störfuðu í leikskóla, en sjö (9%) grunnskólakennarar höfðu hafið starf í leikskóla, líklega sem leiðbeinendur eða fólk sem er með réttindi á báðum stigum.

Tafla 5. Fjöldi kennara eftir því hvort þeir fóru að vinna við kennslu eða ekki strax eftir brautskráningu.

		2014		2015		2016		Allir	
Kennsla við skólastig		Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Grunnskólakennarar	Grunnskóla	14	88%	31	89%	30	97%	75	91%
	Leikskóla	2	13%	4	11%	1	3%	7	9%
	Já, vann við kennslu	16	70%	35	97%	31	91%	82	88%
	Nei, vann ekki við kennslu	7	30%	1	3%	3	9%	11	12%
Leikskólakennarar	Grunnskóla	0	0%	0	0%	0	0%	0	0%
	Leikskóla	6	100%	7	100%	7	100%	20	100%
	Já, vann við kennslu	6	100%	7	100%	7	100%	20	100%
	Nei, vann ekki við kennslu	0	0%	0	0%	0	0%	0	0%
Íþróttakennarar	Grunnskóla			5	83%	6	86%	11	84%
	Leikskóla			0	0%	0	0%	0	0%
	Framhaldsskóla			1	17%	0	0%	1	8%
	Háskóla			0	0%	1	14%	1	8%
	Já, vann við kennslu	0	0%	6	100%	7	88%	13	93%
	Nei, vann ekki við kennslu	0	0%	0	0%	1	12%	1	7%
Allir þátttakendur	Já, vann við kennslu	22	76%	48	98%	45	92%	115	91%
	Nei, vann ekki við kennslu	7	24%	1	2%	4	8%	12	9%
		29	100%	49	100%	49	100%	127	100%

Á öðru ári eftir brautskráningu unnu 122/127 (96%) við kennslu, tafla 6. Af þeim tólf sem ekki hófu störf við kennslu þegar að lokinni brautskráningu, voru sjö (58%) sem störfuðu sem kennarar þegar könnunin fór fram. Hinir fimm sögðust fastlega búast við að vinna við kennslu í framtíðinni en tveir þeirra voru að starfa við annað en kennslu þegar könnunin var lögð fyrir. Allir sögðust hafa áhuga á að starfa við kennslu í framtíðinni. Þeir tólf kennarar sem ekki hófu kennslu á fyrsta ári eftir brautskráningu sögðu ástæðuna m.a. hafa verið, að þeir fóru að gera annað, þ.m.t. barneignir (5 einstaklingar). Annað tilgreint var annað nám, búseta erlendis og of

langur vinnudagur meðfram barnauppeldi. Einn sagðist ekki hafa fengið vinnu þar sem á búsetusvæði hans væru fáar kennarastöður í boði.

Ekki eru fyrirbyggjandi gögn frá 2014 til að skoða hve margir þeirra sem hefja kennslu strax eftir brautskráningu eru hættir kennslustörfum veturinn þar á eftir. Af brautskráðum kennurum 2015 og 2016 eru fimm (6%) sem hófu kennslu strax að lokinni brautskráningu en voru ekki við kennslustörf veturinn þar á eftir, þ.e. þrír grunnskólakennarar (3/66), einn leikskólakennari (1/14) og einn íþróttakennari (1/7).

Tafla 6. Fjöldi kennara við kennslu á öðru ári eftir brautskráningu.


	2014		2015		2016		Allir	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Hófu kennslu strax að lokinni útskrift	22		48		45		115	
Hófu kennslu á öðru ári eftir útskrift	5		1		1		7	
Samtals								
Í kennslu á öðru ári eftir útskrift	27	93%	49	100%	46	94%	122	96%
Ekki í kennslu á öðru ári eftir útskrift	2	7%	0	0%	3	6%	5	4%
Alls	29	100%	49	100%	49	100%	127	100%

Allir kennarar (115) sem störfuðu við kennslu strax fyrsta vetur eftir útskrift, svöruðu spurningunni um hvort þeir ætluðu að halda áfram að vinna við kennslu í framtíðinni. Rétt rúmlega 88% (101) þeirra kváðu svo vera. Tæp 11% (13) voru ekki vissir hvort þeir ætluðu að halda áfram við kennslu í framtíðinni, en aðeins einn (1%) svaraði því neitandi. Þeir 13 sem voru ekki vissir nefndu ástæðurnar, leiðinlegt árferði í skólamálu sé ekki hvetjandi, hætta ef staðan batnar ekki, erfitt fyrsta ár í starfi með sífelldan kvíðahnút, of mikið álag og ónógur undirbúningur eftir mastersnámið. Þá gat einn þess að launin væru of lág. Einn hafði hug á að færa sig úr grunnskóla yfir á framhaldsskólastigið. Af þeim tólf sem voru að hefja sinn fyrsta vetur við kennslustörf rúm ári eftir námslok svöruðu allir (100%) játandi spurningunni um að þeir hefðu hug á að starfa við kennslu í framtíðinni. Samantekið eru 113 (89%) nýlega brautskráðra kennara sem hafa hug á að starfa við kennslu í framtíðinni.

Tafla 7. Fjöldi starfandi brautskráðra kennara og hvernig þeir fengu starfið eftir útskrift.

	2014		2015		2016		Allir	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Sóttu um eftir að hafa séð auglýsingu	11	50%	20	42%	14	31%	45	39%
Voru í viðkomandi skóla í vettvangsnámi	1	5%	10	21%	9	20%	20	17%
Kenndu í skólanum áður (t.d með námi)	7	32%	12	25%	6	13%	25	22%
Hringt í þau og beðin að koma	2	9%	2	4%	0	0%	4	3%
Höfðu samband við skólann	1	5%	3	6%	0	0%	4	3%
Annað	0	0%	1	2%	16	36%	17	15%
Alls	22	100%	42	100%	45	100%	115	100%

Þegar spurt var um hvernig þátttakerur hefðu fengið kennarastarfið var algengast (39%) að þátttakendur segðust hafa fengið starfið eftir auglýsingu, sjá töflu 7. Þarnaest voru þeir sem fengið höfðu starfið eftir að hafa áður kennt við viðkomandi skóla með náminu (22%) en um 17% höfðu verið í vettvangsnámi í viðkomandi skóla.



Mynd 5. Hlutfall eftir kennaranámi hvernig þátttakendur fengu starfið.


Mynd 5 sýnir hlutfallslega skiptingu innan kennarahópanna hvernig þeir fengu kennslustörfin. Þar sjást ólík svör frá leikskólakennurum borið saman við grunnskóla- og íþróttakennara. Vel rúmur helmingur leikskólakennara (60%) höfðu áður starfað við skólana borið saman við 13% grunnskólakennara og 15% íþróttakennara. Meðal grunnskóla- (44%) og íþróttakennara (46%) var algengast að hafa fengið starfið eftir

auglýsingu, en aðeins 15% leikskólakennara. Fimm af þrettán íþróttakennurum (38%) nefndu aðra ráðningaleið, þ.m.t. persónuleg tengsl og að leitað hafi verið til þeirra (2).

Tafla 8. Svör þátttakenda um hvernig kennarastarfið hafi gengið eftir brautskráningu.

	2014		2015		2016		Allir	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Mjög vel eða vel	20	91%	42	93%	42	93%	104	93%
Hvorki vel né illa	2	9%	2	4%	3	7%	7	6%
Illa eða mjög illa	0	0%	1	2%	0	0%	1	1%
Alls	22	100%	45	100%	45	100%	112	100%

Kennarar sem hófu kennslu strax eftir brautskráningu voru beðnir um að meta hvernig kennarastarfið hafði gengið. Af 112 kennurum svöruðu 93% því að þeim hafi gengið mjög vel eða vel, tafla 8. Aðeins einn kennari taldi sér hafa vegnað illa í starfi. Ekki var mikill munur á hvernig grunnskóla-, leikskóla- eða íþróttakennurum töldu starfið hafa gengið, mynd 6.



Mynd 6. Svör eftir kennaranámi um hvernig kennarastarfið hafi gengið eftir brautskráningu.

Stuðningur í starfi

Aðeins þeir kennarar sem brautskráðust 2016 og hófu kennslustörf strax veturinn eftir brautskráningu, voru spurðir hvort og hvernig stuðning þeir hefðu fengið í starfinu. Töluverður munur var á svörum kennarahópanna þar sem allir íþróttakennarar kváðust hafa fengið stuðning í starfi, 86% leikskólakennaranna en 77% grunnskólakennara, sjá nánar í töflu 9.

Tafla 9. Hefur þú fengið stuðning eða leiðsögn við að fóta þig í starfinu?

	Grunnskólakennarar		Leikskólakennarar		Íþróttakennarar		Alls	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Já	24	77%	6	86%	7	100%	37	82%
Nei	7	23%	1	14%	0	0%	8	18%
Alls	31	100%	7	100%	7	100%	45	100%

Þegar spurt var um hvernig stuðningurinn var veittur við upphaf starfs voru svör leikskólakennara frábrugðin svörum grunnskóla- og íþróttakennara. Meirihluti grunnskóla- og íþróttakennara fengu handleiðslu frá reyndum kennurum en um helmingur leikskólakennara voru settir inn í starfið af skólastjórum. Þrír af þeim fjórum grunnskólakennurum sem höfðu stuðning sem ekki féll að uppgefnum kostum, þ.e. féll undir „annað“ sögðu stuðninginn hafa verið óformlegan eða honum ábótavant. Einn kvað stuðninginn hafa hætt eftir fyrstu tvær vikur í starfi. Sjá nánar í töflu 10.

Tafla 10. Hvaða stuðning eða leiðsögn hefurðu fengið?

	Grunnskólakennarar		Leikskólakennarar		Íþróttakennarar	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Handleiðsla frá reyndum kennara	15	63%	0	0%	4	57%
Skólastjóri setti mig inn í starfið	0	0%	3	50%	0	0%
Er hluti af teymi	5	21%	1	17%	2	29%
Annað	4	17%	2	33%	1	14%
Alls	24	100%	6	100%	7	100%

Aðspurðir hvað væri það sem þeir teldu að gagnaðist best kennurum á fyrsta ári í starfi nefndi stór hluti þeirra, 21/49 (43%), að það væri handleiðsla frá reyndum kennara. Aðeins 10% nefndu teymiskennslu, en 10% til viðbótar nefndu að stuðningur frá reyndum kennurum í bland við teymiskennslu væru gagnlegt. Samantekið eru það því 63% sem nefna handleiðslu reynds kennara og/eða teymiskennslu. Þá var enginn

sem taldi að leiðsögn frá skólastjóra við upphaf starfs kæmi til með að gagnast best. Tveir nefndu að meiri hjálp hefði mátt fá um skipulag og agastjórnun. Undir liðnum *annað* var tiltekið að æskilegur stuðningur fyrir byrjendur í kennarastarfi væri vettvangsnám yfir heilan vetur. Þá mætti vera handbók fyrir byrjendur með leiðbeiningum um Mentor, mætingar og heimavinnu og þess háttar. Að lokum tiltók einn þátttakandi að stuðningur vegna samskipta við foreldra væri ákjósanlegur því erfitt væri að standa einn með ábyrgðina ef eitthvað kemur uppá.


Mat á náminu sem undirbúningur fyrir starfið

Þátttakendur sem höfðu hafið kennslu strax að lokinni brautskráningu voru beðnir um að meta námið við Menntavísindasvið í heild sinni sem góðan eða slæman undirbúning fyrir kennarastarfið, tafla 11. Flestir (71%) sögðu námið hafa verið mjög góðan eða góðan undirbúning fyrir starfið. Þeir sem brautskráðust 2015 (74%) og 2016 (73%) voru ánægðari með námið sem undirbúning fyrir starfið en þeir sem brautskráðust 2014 (59%).

Tafla 11. Mat á undirbúningi námsins fyrir kennarastarfið.

	2014		2015		2016		Allir	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Mjög góður / Góður	13	59%	34	74%	33	73%	80	71%
Hvorki góður né slæmur	5	23%	10	22%	10	22%	25	22%
Slæmur / Mjög slæmur	4	18%	2	4%	2	4%	8	7%
Alls	22	100%	46	100%	45	100%	113	100%

Á mynd 7 má sjá sömu greiningu eftir kennaranámi Hlutfall brautskráðra leikskólakennara sem töldu námið hafi verið góðan undirbúning fyrir starfið var hærra, 14/18 (78%), en meðal grunnskólakennara 56/82 (68%). Tíu af þrettán (86%) íþróttakennurum töldu undirbúning námsins hafa verið mjög góðan eða góðan. Þeir þrír sem töldu hann ekki góðan höfðu tekið að sér almenna kennslu sem þeir höfðu ekki verið búnir undir í náminu.



Mynd 7. Mat á undirbúningi námsins fyrir starfið eftir kennaranámi.

Þátttakendur sem hófu kennslu strax eftir brautskráningu fengu einnig að tjá sig með opnum svörum hvort þeir álitu námið vera góðan eða slæman undirbúningur fyrir starfið. Átta af grunnskólakennurunum sem svöruðu með opnum svörum (25%) og töldu námið fínan eða góðan undirbúningur tiltóku sérstaklega vettvangsnámið. Þrír nefndu að ekki væri hægt að kenna allt því margt kæmi með reynslunni, þá voru tveir sem sögðust hafa lært mest í meistaranáminu en einn taldi að meistaranámið hefði litlu eða engu bætt við því það væri endurtekning á grunnáminu. Tveir hefðu viljað meiri kennslu um agastjórnun.

Þeir fimmtán grunnskólakennarar sem töldu námið hvorki hafa undirbúið þá vel eða illa tiltóku eitt og annað sem mætti breyta, námið væri að vissu leyti gott en að öðru leyti ekki, ýmislegt vantaði upp á, annað endurtekið og undirbúningur mætti vera betri. Þá nefndi einn að gott hefði verið að fá meiri kennslu í íslensku og stærðfræði. Tveir tiltóku að fræðilegi hlutinn hefði verið of umfangsmikill, en einn sagði hann hafa verið góðan undirbúning. Þrír sögðu að vettvangsnámið hefði nýst vel.

Fámennasti hópurinn meðal grunnskólakennara (5) var sá sem fannst námið hafa verið slæman undirbúningur. Þeir svöruðu þannig að margt hefði vantað í námið og


öðru hefði mátt sleppa. Námið hefði verið „eilíf vitleysa og afsakanir“, sagði einn þátttakandi sem brautskráðist 2014. Tveir hefðu viljað meira vettvangsnám og einn minna bóklegt.

Aðeins tíu leikskólakennarar svöruðu með nánari skýringum um gæði námsins sem undirbúning fyrir starfið. Fjórir svöruðu á þá leið að námið hafi verið mjög góður undirbúningur fyrir starfið. Gott hafi verið að hafa vettvangsnám og það hefði mátt vera starfsnám. Masterinn hafi verið góður (1) og fræðilegur (1), en grunninn vanti (1). Þrir sem voru hlutlausir eða óánægðir nefndu að vettvangsnám hefði mátt vera meira og einn sagði að mastersnámið hefði mátt vera betur undirbúið.

Aðeins einn íþróttakennari svaraði opna hluta spurningarinnar, sá nefndi að undirbúningurinn á Laugarvatni hefði verið frábær en síðari tvö árin til að fá kennsluréttindi hefðu verið tilgangslaus sem undirbúningur fyrir starfið.

Tengsl námsleiða við kennslustörf í grunnskóla


Þátttakendur brautskráðir 2015 og 2016 sem höfðu hafið kennslu í grunnskóla strax eftir námið voru spurðir um hvaða aldurstigi þeir kenndu og hvaða námsgrein.



Mynd 8. Aldurstig sem kennt er í grunnskóla eftir námsleiðum.

Á mynd 8 má sjá hvaða aldurstigi þátttakendur kenndu í grunnskóla greint eftir námsleiðum. Meirihluti þeirra (69%) sem brautskráðust af leiðinni *Kennsla ungra barna í grunnskóla* kenndu nemendum á yngsta stigi. Þá má sjá að þeir sem luku námi sem íþróttakennarar, kenndu lang flestir (83%) fleiru en einu aldurstigi.

Spurningunni „Hvaða námsgrein varst þú að kenna í viðkomandi skóla?“ svöruðu 67 þátttakendur, sjá mynd 9. Í samræmi við þá hefð að á yngsta stigi sé einn kennari sem kenni veflestar námsgreinar eru 84% þeirra sem voru á námsleiðinni *Kennsla ungra barna í grunnskóla* sem kenna næstum allar greinar og nefna veflestir einnig að þeir séu umsjónakennarar. Meðal þeirra sem voru af námsleiðinni *Faggreinakennsla í grunnskóla* er hlutfall þeirra sem kenna kjörsviðsgrein sína 37%, Hæsta hlutfall (83%) þeirra sem kenna sína kjörsviðsgrein er meðal íþróttakennaranna með leyfisbréf til kennslu í grunnskóla. Það vekur einnig athygli að ríflega 70% þeirra sem brautskráðust úr *Kennslufræði grunnskóla* voru umsjónakennarar og/eða kenndu flest fög, en þetta er sá hópur kennara sem hefur hvað mesta sérhæfingu í grein ef frá eru taldir íþróttakennarar.




Mynd 9. Kennslugreinar kenndar í grunnskólum á fyrsta ári eftir brautskráningu.

Mat á nokkrum þáttum í náminu

Þau sem hófu kennslu strax veturinn eftir brautskráningu voru beðin um að velja úr lista þau atriði sem þeim fannst hafa gagnast þeim vel í náminu. Hægt var að velja fleiri en eitt atriði og er því samanlagt hlutfall yfir 100%. Fjöldi útskrifaðra kennara sem svöruðu voru 109, af þeim voru 79 (72%) grunnskólakennarar, 18 (17%) leikskólakennarar og 12 (11%) íþróttakennarar.

Á mynd 10 sést hlutfallsleg skipting þess sem þátttakendur töldu að hafi gagnast þeim best í starfi greint eftir útskriftarárum. Lang flestir (85%) tiltóku vettvangsnámið og kennslufræði vera meðal þess sem gagnaðist þeim best, það er að segja vettvangsnám með tilheyrandi stuðningi í kennslufræðiáföngum. Þar á eftir kom sérhæfing, kenningar og hugmyndafræði eða vinnsla meistararitgerða, þar sem hlutfall þessara þátta var nánast jafnt eða 17-19%.



Mynd 10. Mat þátttakenda á því hvað í náminu hafi gagnast þeim vel í starfi.

Þegar skoðuð er samsvarandi skipting milli kennarahópanna sést að leikskólakennarar virðast telja valmöguleikana alla hafa gagnast þeim álíka vel í starfi,

tafla 12. Einnig var mikið hærra hlutfall leikskólakennara (61%) en grunnskólakennara (9%) sem töldu vinnslu meistararitgerðar hefði gagnast þeim vel.


Tafla 12. Mat þátttakenda á því hvað í náminu hafi gagnast þeim vel í starfi. Greint eftir kennarahópum.

	Grunnskólakennarar		Leikskólakennarar		Íþróttakennarar*	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Vettvangsnámið/kennslufræði	69	87%	15	83%	9	75%
Sérhæfing	9	11%	10	56%	2	17%
Kenningar/hugmyndir	10	13%	9	50%	2	17%
Meistararitgerð	7	9%	11	61%	1	8%
Annað	13	16%	7	39%	1	8%
Alls	108	137%	52	289%	15	125%

* Hlutfallsleg skipting hjá íþróttakennurum er ekki sambærileg við grunnskóla- og leikskólakennara, þar sem íþróttakennarar útskrifaðir 2015 fengu ekki möguleika á að svara nema einu atriði um hvað þeir teldu best hafa gagnast sér í náminu.

Mat á námskeiðinu „Nám og kennsla: Fagmennska í skólastarfi“

Námskeiðið „Nám og kennsla: Fagmennska í skólastarfi“ er 25 eininga námskeið á lokaárinu, sem er að stærstum hluta vettvangsnám sem dreifist yfir allt misserið. Það var ákveðin nýjung í námi grunnskólakennara og þess vegna var sérstaklega spurt um það.



Mynd 11. Mat grunnskólakennara á því hvernig námskeiðið „Nám og kennsla: Fagmennska í skólastarfi“ hafi nýst í starfi.

Lang flestir (76%) grunnskólakennara sem hófu kennslu veturinn eftir brautskráningu fannst námskeiðið nýttast þeim mjög vel eða vel í starfinu, mynd 11. Svarhlutfall var 98% (80/82). Lægsta hlutfall þeirra sem sögðu námskeiðið hafa gagnast sér vel í starfi voru brautskráðir 2014, en það ár eru einnig um helmingi færri þátttakendur en 2015 og 2016.

Í töflu 13 má sjá samantekt á umsögnum þátttakanda um námskeiðið. Flestir grunnskólakennara voru ánægðir með þetta námskeið. Sérstaklega fannst þeim gott að vera á vettvangi og að það væri farið í hluti eins og barnavernd og starf með foreldrum. Að margra mati hefði námskeiðið mátt vera fyrr í náminu þar sem það endurspeglaði vel starf kennara. Þátttakendur nefndu að álag í þessu námskeiði hafi verið mikið þar sem farið var í marga hluti sem þeir hefðu viljað fara dýpra í og yfir lengri tíma í aðskildum námskeiðum. Einhverjum fannst of mikið af verkefnum sem þurfti að skila inn samtímis vettvangsnáminu og þar að leiðandi myndaðist oft og tíðum of mikið álag. Á heildina litið voru mun fleiri umsagnir um námskeiðið jákvæðar heldur en neikvæðar.

Tafla 13. Opin svör útskrifaðra grunnskólakennara og hvernig þeim fannst stóra námskeiðið á 9. misseri

2016		
Jákvætt	Læri mest af þessu námskeiði, heppin, ómetanlegt Eina námskeiðið sem var vit í og gagnaðist mest. Gagnaðist rosalega vel. Fékk gott vettvangsnám Hefði mátt vera mikið fyrr í náminu. Gæti haldið kennaranemum að halda áfram. Sérð hvernig er að vera kennari. Sá áfangi sem ég lærði hvað mest af. Var leiðsagnakennari sjálf. Græddi meira á að hafa verið leiðbeinandi.	
Neikvætt	Erfitt að vera bundin og erfitt að geta ekkert unnið með því. Man ekki alveg, fannst ekki neitt rosaleg viðbót. Það er samt tvennt ólíkt að vera á hliðarlínunni en að vera í forsvari Tók þetta meðfram kennslu, flestir voru með leiðsagnarkennara með sér.	
2015		
Jákvætt	Mjög gott og hagnýtt. Ýtarlega farið í margt. Var mjög flott. (11) Flott að farið var í hluti sem var ekkert búið að fara í áður t.d foreldrastarf, barnavernc Vettvangsnámið mjög gagnlegt (4) Að halda leiðabók, dagbók, sjálsskoðun og ígrunda var mjög gott (4) Stuðlaði að meira öryggi í starfi Lærði mikið að fylgjast með öðrum kennurum Gott að láta meta sig í starfinu Gott að vera hent í djúpu laugina, lærum mest af reynslunni Fengum smjörþefinn af öllu Fékk gott innsýn inn í hlutverk umsjónarkennara Farið ítarlega í allt Verkefnin hjálpuðu vel í foreldrasamstarfinu	
Neikvætt	Of mikið álag, brjálæðislega mikil skrif (3) Var stiklað á svo mörgu sem hefði verið gott að kafa dýpra ofan í (3) Námskeiðið hefði mátt vera fyrr í náminu (2) Svolítið endurtekning á því sem búið var að fara í (2) Vildu meira nám á vettvangi og minna af fræðilegu (2) Móttökuskólinn í vettvangsnáminu verður að nýtast nemendum Meira af ígrundun og reynslu í kennslu fremur en fræðilegar þælingar	
2014		
Jákvætt	Mjög vel (6) Gott að fá að vera á vettvangi-að fá að vera áhorfandi og læra af reynslunni (4) Reyndist best af öllu Fékk að kynnast mörgu Gott að gera leiðarbók Reyndist vel að fá þjálfun í starfeindarannsóknnum Eykur viðsýni Verkefnin fín	
Neikvætt	Var stiklað á svo mörgu sem hefði verið gott að kafa dýpra ofan í (3) Of mikið álag, tilraunadýr, hræðileg verkefnavinna (3) Hefði mátt nálgast viðfangsefnin í gegnum kjörsvið nemenda (2) Erfitt að vera á vettvangi vegna of margra verkefna (2) Hefði nýst betur ef námskeiðið hefði fengið lengri tíma Ekkert sérstaklega gott. Farið svolítið grunnt, ekki djúpt í hlutina. Of lítil áhersla á nám á vettvangi Nýttist ekki vel sem textílkennara....var sett í að kenna samfélagsgreinar	

Tölur í svigum tákna fjölda þeirra sem sögðu það sama eða mjög álíka. Ekki er svigi ef haft er eftir aðeins einu þátttakanda.

Heildarmat á náminu við Menntavísindasvið

Að lokum voru þátttakendur sem höfðu hafið kennslu veturinn eftir brautskráningu spurðir hvort þeir gætu nefnt eitthvað sem hefði vantað upp á í náminu, hvað mætti vera meira af ásamt ábendingum um hvernig mætti gera námið betra. Eðlilega er nokkur skörun við svör við spurningunni um hvernig námið hefði gagnast þeim sem undirbúningur fyrir starfið.

Samantekið tóku 37 (45%) af 82 grunnskólakennurum sérstaklega fram að þeim þætti æskilegt að hafa meira vettvangsnám, aukin tengsl út í skólana eða kanditadsár, margir tóku þó fram að tengingin við fræðin í námskeiðunum hafi verið mikilvæg. Samtals 14 (17%) nefndu að auka hefði mátt fræðslu um frávíkshæðun nemenda og agamál og tíu (12%) nefndu meiri kennslu varðandi samstarf við foreldra. Níu (11%) minntust á lokaritgerðarskrif í meistaranáminu. Tveir töldu ritgerðarskrifin hefðu komið of fljótt, betra hefði verið að þau kæmu á eftir vettvangsnáminu. Aðrir sjö sögðu ritgerðaskrif og rannsóknavinnu vera nokkuð sem mætti jafnvel sleppa. Þá voru nokkrir sem töldu að framboð námskeiða hefði verið of lítið, sérstaklega hvað varðaði náttúrufræðikennslu eða bekkjastjórnun og umsjónakennslu.

Af 20 leikskólakennurum nefndu sex að vettvangsnámið hefði mátt vera meira. Þar af nefndi einn að það hefði þá mátt vera launað. Þá nefndu fimm að meira hefði mátt fjalla um agavandamál og sérþarfir þ.m.t. fjölmenningu og tvítyngi. Tveir töldu valnámskeiðin hafa verið of fá og ekki fallið að áhugasviði þeirra. Tveir leikskólakennarar hefðu kosið meiri kennslu um stjórnun.

Níu íþróttakennarar svöruðu spurningu um hvað þeir teldu að hefði mátt vera gerð betri skil í náminu að fenginni reynslu sem kennarar. Þrír þeirra töldu námið of langt og framhaldsnámið vera of keimlíkt grunnnáminu. Einnig var nefnt að námið hefði mátt vera hagnýtara og það væri ekki nægjanlega mikill undirbúningur til að taka að sér umsjónarkennslu. Þá fannst einum að betur mætti fylgjast með nýjungum í faginu, einnig að meira hefði mátt vinna með „raunveruleg álitamál sem gerast í grunnskólum“ en draga á móti úr kenningum. Þá var nefnt að þjálfun í raddbeitingu væri ónóg og að betur hefði mátt fara í hvernig best væri að vinna með börnum sem þyrftu sérstaka hjálp.

Aðeins fjórir af heildarfjölda þeirra sem svöruðu gátu ekki nefnt neitt sem þeim fannst hefði vantað í námið..

LOKAORÐ

Hér eru kynntar niðurstöður könnunar sem gerð var meðal þriggja fyrstu árganganna sem brautskráðust sem kennarar af Menntavísindasviði eftir að krafist var meistaragráðu til að fá leyfisbréf sem kennari. Þær veita mikilvæga innsýn í viðhorf þessa hóps bæði til námsins og kennarastarfsins, með öllum þeim fyrirvörum sem hafa þarf í huga við túlkun á niðurstöðum. Til að mynda er hópurinn ekki ýkja fjölmennur. Eins þarf að hafa í huga að símtöl voru ekki hljóðrituð heldur skráði sá sem hringdi niður svörin. Þar sem nokkrir aðilar sáu um að hringja er möguleiki á ólíkum áherslum við að skrá svörin, jafnvel þótt reynt hafi verið að draga úr slíkri óvissu m.a. með orðalagi spurninganna og því að hafa ákveðna valmöguleika fremur en opin svör.

Mikilvægustu upplýsingarnar eru án efa það háa hlutfall brautskráðra sem fer að starfa við kennslu fljótlega eftir útskrift. En 96% þeirra sem tóku þátt í könnunni voru í kennslu á öðru ári eftir brautskráningu. Því miður eru ekki til sambærilegar tölur frá fyrri árum en vísbendingar eru um að þetta hlutfall hafi verið mun lægra, m.a. úr TALIS könnun (2013) (Ragnar F. Ólafsson, 2014). Helgi Eiríkur Eyjólfsson (2017) greindi hóp grunnskólakennara sem brautskráðist á árunum 2000 – 2012 og komst að því að 47% þeirra voru við kennslu á þeim tíma sem könnunin var gerð sem segir ekki til um það hve margir fara í kennslu strax eftir útskrift. Vísbendingar eru um að stórt hlutfall þeirra sem hefja kennslu eftir brautskráningu hverfi frá á fyrstu árum í starfi og einkum þeir sem ekki fá stuðning (Ingvar Sigurgeirsson, Kjartan Þór Ingvarsson og Lilja M. Jónsdóttir (2017)). Því væri áhugavert að fylgja þessum hópi brautskráðra 2014 – 2016 áfram til að sjá hvernig þetta hlutfall þróast. Samkvæmt niðurstöðum í þessari könnun virðast leikskólakennarar skila sér betur til kennslu strax eftir brautskráningu heldur en grunnskólakennarar.

Niðurstöður þessarar könnunar staðfesta grun margra um að kennarar í grunnskólum fari ekki endilega að kenna þá faggrein sem þeir hafa sérhæft sig í í kennaranáminu, heldur kenni þeir allar greinar og taki að sér umsjón með bekk. Þó virðist sem íþróttakennarar séu undantekning frá þessu, þar sem langflestir þeirra sem þessi könnun nær til hófu sinn starfsferil í íþróttakennslu. Kennararnir voru almennt frekar ánægðir með námið sem grunn fyrir starfið þótt þeir vissulega hafi bent á eitt og annað sem þeir töldu að gera hefði mátt betur. Munur var eftir skólastigum á þeim stuðningi sem kennarar töldu sig fá til að fóta sig á

fyrsta ári í starfi, þar sem leikskólakennarar sögðust fá betri stuðning heldur en grunnskólakennarar. En hafa ber í huga að 60% leikskólakennaranna höfðu áður starfað við sama leikskóla og eru því að koma í umhverfi sem þeir þekktu vel. Stuðningur sem veittur var af reyndari samstarfskennurum reyndist gagnlegastur.

Það er von höfunda að nýta megí þessar niðurstöður við skipulag kennaranáms og stuðnings við kennara á fyrsta ári í starfi. Rétt er að taka fram að skipulag á kennaranámi við Menntavísindasvið er endurskoðað og því breytt með reglulegu millibili og nú síðast frá og með hausti 2018. Þetta þarf að hafa í huga þegar kennarar eru spurðir hvernig námið hafi nýst. Höfundar telja mikilvægt að endurtaka könnun sem þessa, til dæmis þegar komin er nokkur reynsla á það skipulag sem nú er við lýði.

HEIMILDASKRÁ

Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti. (2011).

Aðalnámskrá leikskóla. (2011).

Anna Kristín Sigurðardóttir. (2014). *Þróun kennaramenntunar við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Greinargerð um vinnuferli og áherslur við mótun kennaranáms frá 2008*. Reykjavík: Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Helgi Eiríkur Eyjólfsson. (2017). *Tímaatburðagreining á ferli nýútskrifaðra grunnskólakennara*. Óbirt ritgerð, lögð fram til MA við Félags- og mannvísindadeild á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands. Aðgengileg hér:
https://skemman.is/bitstream/1946/29028/1/Helgi.E.Eyjolfsson_MA_ritg.pdf

Ingvar Sigurgeirsson, Kjartan Þór Ingvarsson og Lilja M. Jónsdóttir. (2017). *Starfsumhverfi grunnskólakennara í Reykjavík. Skýrsla til Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur*. Óbirt handrit. Reykjavík: Skólastofan.

Ragnar F. Ólafsson. (2014). *TALIS 2013: Starfsaðstæður, viðhorf og kennsluhættir kennara og skólastjóra á Íslandi í alþjóðlegum samanburði*. Reykjavík: Námsmatsstofnun.

Reglugerð um inntak menntunar leik-, grunn- og framhaldsskólakennara, nr. 872/2009, með breytingum nr. 451/2017).

VIÐAUKI A – SPURNINGALISTI (2016)

Góðan daginn ég heiti XX og hringi frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Við erum að gera könnun á viðhorfi útskrifaðra kennaranema til kennaranámsins og kennarastarfsins. Könnunin tekur um 5-7 mínútur og langaði mig að athuga hvort þú værir til í að svara nokkrum spurningum. Könnunin er liður í því að meta fimm ára kennaranám og var samskonar könnun framkvæmd á viðhorfi útskriftarnema árið 2014. Markmiðið er því að skoða viðhorf útskriftarárganganna 2014 og 2015 og birta mögulega niðurstöður í greinum og skýrslum. Fyllsta trúnaðar og nafnleyndar er gætt varðandi hlut þátttakenda í könnuninni. Þær upplýsingar sem fengnar eru verða ekki rekjanlegar til einstakra þátttakenda. Könnunin tekur um 5-7 mínútur og langaði mig að athuga hvort þú værir til í að svara nokkrum spurningum.

Q30 Úr hvaða kennaranámi útskrifaðist þú úr:

- ☐ Leikskólakennaranámi (1)
- ☐ Grunnskólakennaranámi (2)

Q24 Í hvaða mánuði árið 2015 útskrifaðist þú?

- ☐ Í febrúar (1)
- ☐ Í júní (2)
- ☐ Í október (3)

Display This Question:

If Útskrifaðist þú úr: Grunnskólakennaranámi Is Selected

Q27 Af hvaða námsleið brautskráðist þú?

Display This Question:

If Útskrifaðist þú úr: Grunnskólakennaranámi Is Selected

Q28 Hvert var kjörsvið þitt?

Q2 Hver er kennitalan þín?

Q4 Varst þú að vinna við kennslu veturinn 2015-2016?

- ☐ Já (1)
- ☐ Nei (2)

Display This Question:

If Varst þú að vinna við kennslu í leikskóla eða grunnskóla veturinn 2015-2016? Já Is Selected

Q11 Á hvaða skólalstigi varst þú að kenna þann vetur?

- ☐ Á leikskólalstigi (1)
- ☐ Á grunnskólalstigi (2)

Display This Question:

If Varst þú að vinna við kennslu í leikskóla eða grunnskóla veturinn 2015-2016? Já Is Selected

Q27 Hvaða aldurstigi varst þú að kenna í viðkomandi skóla?

Display This Question:

If Á hvaða skólalstigi varst þú að kenna þann vetur? Á grunnskólastigi Is Selected

Q28 Hvaða námsgrein varst þú að kenna í viðkomandi skóla?

Display This Question:

If Varst þú að vinna við kennslu í leikskóla eða grunnskóla veturinn 2015-2016? Já Is Selected

Q12 Hvernig fékkst þú starfið í skólanum?

- ☐ Sótti um eftir að hafa séð auglýsingu (5)
- ☐ Var í þessum skóla í vettvangsnámi (6)
- ☐ Kenndi í skólanum áður (t.d með námi) (7)
- ☐ Annað (hvað)? (8) _____

Display This Question:

If Varst þú að vinna við kennslu í leikskóla eða grunnskóla veturinn 2015-2016? Já Is Selected

Q13 Finnst þér starfið hafa gengið vel eða illa?

- ☐ Mjög vel (6) _____
- ☐ Vel (7) _____
- ☐ Hvorki vel né illa (8) _____
- ☐ Illa (9) _____
- ☐ Mjög illa (10) _____

Display This Question:

If Varstu að kenna síðasta vetur? Já Is Selected

Q14 Metur þú námið þitt við Menntavísindasvið vera góðan eða slæman undirbúning fyrir starfið?

- ☐ Mjög góðan undirbúning (1) _____
- ☐ Góðan undirbúning (2) _____
- ☐ Hvorki góðan né slæman (3) _____
- ☐ Slæman undirbúning (4) _____
- ☐ Mjög slæman undirbúning (5) _____

Display This Question:

If Varstu að kenna síðasta vetur? Já Is Selected

Q17 Getur þú nefnt eitthvað sem þú telur að hafi gagnast þér vel í náminu?

- ☐ Nei ekkert sérstakt (1)
- ☐ Vettvangsnámið (2)
- ☐ Sérhæfing (3)
- ☐ Kenningar/hugmyndir (4)
- ☐ Að vinna meistararitgerð (7)
- ☐ Annað, hvað? (6) _____

Display This Question:

If Varst þú að vinna við kennslu í leikskóla eða grunnskóla veturinn 2015-2016? Já Is Selected

Q25 Finnst þér stóra námskeiðið á síðasta árinu (9. misseri) nýttast vel eða illa í þínu starfi?

- ☐ Mjög vel (1) _____
- ☐ Vel (2) _____
- ☐ Hvorki vel né illa (3) _____
- ☐ Illa (4) _____
- ☐ Mjög illa (5) _____

Display This Question:

If Varstu að kenna síðasta vetur? Já Is Selected

Q16 Getur þú nefnt eitthvað sem þú telur að hafi vantað upp á í náminu eða mætti vera meira af þegar þú hófst störf við kennslu ?

Display This Question:

If Varst þú að vinna við kennslu í leikskóla eða grunnskóla veturinn 2015-2016? Já Is Selected

Q29 Starfar þú við kennslu í leikskóla eða grunnskóla í dag?

- ☐ Já (1)
- ☐ Nei (2)

Display This Question:

If Varstu að kenna síðasta vetur? Já Is Selected

Q18 Hefur þú hug á að halda áfram að vinna við kennslu í leikskóla eða grunnskóla í framtíðinni?

- ☐ Já (1)
- ☐ Nei (2)
- ☐ Veit ekki (3) _____

Display This Question:

If Varstu að kenna síðasta vetur? Nei Is Selected

Q5 Hvers vegna varstu ekki að kenna í leikskóla eða í grunnskóla veturinn 2015-2016?

- ☐ Hafði ekki áhuga (1)
- ☐ Fékk ekki vinnu (2)
- ☐ Fór að gera annað (t.d. barneignir) (3)
- ☐ Annað, hvað (4) _____

Display This Question:

If Varstu að kenna síðasta vetur? Nei Is Selected

Q6 Hefur þú hug á að fara að kenna í framtíðinni?

- ☐ Já, hef þegar hafið störf í leikskóla/grunnskóla (1)
- ☐ Já, býst fastlega við því (2)
- ☐ Nei, á síður von á því (3)
- ☐ Nei, alveg örugglega ekki (4)

Display This Question:

If Varstu að vinna í leikskóla eða kenna síðasta vetur ? Nei Is Selected

Q22 Vinsamlegast gerðu örstutta grein fyrir svari þínu um framtíðarstörf við kennslu?

Display This Question:

If Varstu að kenna síðasta vetur? Nei Is Selected

Q7 Hvernig metur þú kennaranámið á Menntavísindasviði?

- ☐ Mjög vel (1)
- ☐ Vel (2)
- ☐ Hvorki vel né illa (3)
- ☐ Illa (4)
- ☐ Mjög illa (5)
- ☐ Ástæða fyrir svari: (6) _____

Display This Question:

If Varstu að kenna síðasta vetur? Nei Is Selected

Q8 Hvers vegna fórstu í kennaranámið?

Q9 Hefur þú ábendingar um hvernig mætti gera námið betra?

- ☐ Já (1) _____
- ☐ Nei (2)

Display This Question:

If Hefurðu hug á að fara að kenna í framtíðinni? Hef þegar hafið störf í leikskóla/grunnskóla Is Selected

Q23 Mætti mögulega hafa samband við þig að ári til að kanna hvernig hefur gengið?

- ☐ Já (1)
- ☐ Nei (2)

Display This Question:

If Varstu að kenna síðasta vetur? Já Is Selected

Q19 Er eitthvað annað sem þú vilt nefna?